




Reykjavík, 23. september 2021

Ævintýraborgir

Greinargerð um útlit og skipulag á nýju leikskólahúsnæði á fjórum stöðum í borginni

Kynntar hafa verið fjórar staðsetningar fyrir nýtt leikskólahúsnæði með pláss fyrir u.þ.b. 60-100 börn á hverjum stað fyrir sig. Um er að ræða færanlegar einingar sem gert er ráð fyrir að verði að jafnaði nýttar undir starfsemi leikskóla næstu fimm árin hið minnsta eða þar til nýir leikskólar sem verið er að reisa verða tilbúnir til notkunar.

Hér að neðan má sjá dæmi um útfærslu á u.þ.b. 900 m² leikskólahúsnæði sem rúmar 100 börn.



Heimastofur
 Föt/sameiginleg svæði
 Stjórnun/stoðrymi
 Matstofa/salur

Vandað hefur verið til útlits húsnæðisins og verður yfirborð lóðar útfært sem aðlaðandi útisvæði fyrir börn.



Tölvugerð mynd af framhlið Ævintýraborgar



Tölvugerð mynd af bakhlið Ævintýraborgar

Í greinargerð þessari er farið yfir útlit og skipulag á nýju leikskólahúsnæði á eftirfarandi stöðum í borginni:

1. Barónsstígur 34 (Vörðuskóli)
2. Nauthólsvegur 81 (Skólalóð)
3. Vogabyggð 5 (Skólalóð)
4. Eggertsgata 35

1. Barónsstígur 34 (Vörðuskóli)


Um 600 m² húsnæði fyrir leikskóla

Komið verður fyrir u.þ.b. 600 m² einingahúsnæði á lóðinni sem nýta á sem leikskóla. Þar verður rými fyrir um 60 börn á aldrinum 12-36 mánaða. Ekki er ætlunin að leikskólinn verði á lóðinni til frambúðar heldur myndi hann víkja þegar kemur að því að byggja við Vörðuskóla enda verði þá komnir til sögunnar í borgarlutanum nýir leikskólar sem verði reknir til frambúðar.

Grunnmyndir og útlit eininga

Grunnmynd



Einingin við Vörðuskóla er u.p.b. 600 m² að flatarmáli og koma til með að verða 4 deildir í skólanum.



SVÆÐI



Útlit



Gert er ráð fyrir að hver Ævintýraborg fái sinn lit, enn á þó eftir að ákveða endanlegan lit fyrir Vörðuskóla.

Megineinkenni lóðarinnar verða litríkir fletir og form sem bylgjast um svæðið og mynda misstór leikrými sem hvert hefur sitt yfirbragð. Malbiksflöturinn verður nýttur áfram eins og hægt er þar sem litrík leiktákn verða

þryktir/málaðir ofan í hann. Áhersla verður lögð á mismunandi þroskastig barna og aldursskiptingu þeirra. Gætt verður að góðri dreifingu leikja og flæði innan lóðarinnar með góðri yfirsýn. Verið er að vinna að endanlegri hönnun lóðar.



Lofmynd: Núverandi ástand



Staðsetning einingar innan byggingarreits



2. Nauthólsvegur 81 (Skólalóð)

Um er að ræða u.þ.b. 900 m² einingahúsnæði fyrir leikskóla

Komið verður fyrir u.þ.b. 900 m² einingahúsnæði á lóðinni sem nýta á sem leikskóla. Ætlunin er að leikskólinn þjóni börnum og foreldrum í hverfinu á næstu árum en hann muni víkja þegar búið er að taka í notkun leikskóla í nágrenninu sem standur til að reisa á komandi misserum.

Grunnmyndir og útlit eininga

Grunnmynd

Einingin við Nauthólsveg er u.þ.b. 900 m² að flatarmáli og koma til með að verða 6 deildir í skólanum.



SVÆÐI

Heimastofur
 Föt/sameiginleg svæði
 Stjórnun/stoðrymi
 Matstofa/salur

Útlit



Við frágang lóðar verður leitast við að halda í náttúrulegan gróður og tengt er eins og kostur er sjónrænt við ásýnd og umhverfi útivistarsvæðis Öskjuhlíðar. Gert er ráð fyrir að útivistarsvæði Öskjuhlíðar nýtist skólabörnum ásamt skólalóð. Verið er að leggja lokahönd á hönnun lóðar.



Lofmynd: Núverandi ástand



Staðsetning einingar á lóð, búið er að stækka byggingarreit

3. Vogabyggð 5 (Skólalóð)

Um er að ræða u.þ.b. 900 m² einingahúsnæði fyrir leikskóla


Komið verður fyrir u.þ.b. 900 m² einingahúsnæði á lóðinni sem nýta á sem leikskóla.

Ætlunin er að leikskólinn þjóni börnum og foreldrum í hverfinu á næstu árum en hann muni víkja þegar búið er að taka í notkun leikskóla á uppbyggingarsvæðinu sem stendur til að reisa á komandi misserum.

Grunnmyndir og útlit eininga

Grunnmynd


Einingin í Vogabyggðinni er u.þ.b. 900 m² að flatarmáli og koma til með að verða 6 deildir í skólanum.



SVÆÐI

Heimastofur
 Föt/sameiginleg svæði
 Stjórnun/stoðrymi
 Matstofa/salur

Útlit



Við frágang lóðar verður leitast við að halda í náttúrulegan gróður og tengt eins og kostur er við umhverfið. Endanleg hönnun lóðar er í vinnslu og verið er að vinna í að staðsetja eininguna endanlega á byggingarreit lóðarinnar.



4. Eggertsgata 35

Um er að ræða u.þ.b. 600 m² einingahúsnæði fyrir leikskóla

Komið verður fyrir u.þ.b. 600 m² einingahúsnæði á lóðinni sem nýta á sem leikskóla. Einnig stendur til að nýta húsnæði sem er til staðar á lóðinni undir leikskólastarf.



Löftmynd: Núverandi ástand

Grunnmyndir og útlit eininga

Grunnmynd


Einingin á Eggertsgötu er u.þ.b. 600 m² að flatarmáli og koma til með að verða 4 deildir í skólanum.



SVÆÐI

Heimastofur Föt/sameiginleg svæði Stjórnun/stoðrymi Matstofa/salur

Útlit



ÚTLIT
1:100



ÚTLIT
1:100



ÚTLIT
1:100

Lóð



Megineinkenni lóðarinnar eru litríkir fletir og form sem bylgjast um svæðið og mynda misstór leikrými sem hvet hefur sitt yfirbragð. Malbiksflöturinn er nýttur áfram eins og hægt er þar sem litrík leiktákn, verða þrykktir / málaðir ofan í hann. Á sumum stöðum er skorið í flötin og sett þess í stað mislitt fallvarnarefni til ýmissa leikja. Á öðrum stöðum byggjast upp þúfur, hólar og hæðir, sem m.a. nýtast til vetraleikja eða til lautarferða á sumardögum. Áhersla er lögð á mismunandi þroskastig barna og aldursskiptingu þeirra. Gætt er að góðri dreifingu leikja og flæði innan lóðarinnar með góðri yfirsýn.